

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2019/1350**

2022/EES/26/24

frá 12. ágúst 2019

**um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar  
Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Absinthe de Pontarlier“) (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 <sup>(2)</sup> hefur framkvæmdastjórnin tekið til athugunar umsókn Frakklands frá 16. apríl 2014 um skráningu landfræðilegu merkingarinnar „Absinthe de Pontarlier“.
- 2) Eftir að framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að umsóknin væri í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008 birtu hún meginskilgreiningarnar í tækniskjalinu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* <sup>(3)</sup> eins og krafist er skv. 6. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar.
- 3) Framkvæmdastjórninni hafa ekki borist andmæli skv. 7. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008.
- 4) Reglugerð (ESB) 2019/787, sem kemur í stað reglugerðar (EB) nr. 110/2008, kom til framkvæmdar 25. maí 2019. Í samræmi við 1. mgr. 49. gr. þeirrar reglugerðar er III. kafli reglugerðar (EB) nr. 110/2008 um landfræðilegar merkingar felldur úr gildi frá og með 8. júní 2019. Af þeim sökum ætti að samþykkja verndarreglugerðina í samræmi við nýju reglugerðina.
- 5) Því ætti að skrá merkinguna „Absinthe de Pontarlier“ sem landfræðilega merkingu.
- 6) Vernda ætti landfræðilegu merkinguna „Absinthe de Pontarlier“ í heild, en áfram má þó nota hugtakið „absinthe“ á merkimiðum og í lýsingum á yfirráðasvæði Sambandsins, að því tilskildu að meginreglum og reglum sem gilda í réttarkerfi þess sé fylgt.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

Landfræðilega merkingin „Absinthe de Pontarlier“ er skráð. Í samræmi við 4. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 veitir þessi reglugerð heitinu „Absinthe de Pontarlier“ verndina sem um getur í 21. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 215, 19.8.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjtið. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB C 110, 23.3.2018, bls. 35.

2. gr.

Landfræðilega merkingin „Absinthe de Pontarlier“ er vernduð í heild og áfram má nota hugtakið „absinthe“ á merkimiðum og í lýsingum á yfirráðasvæði Sambandsins, að því tilskildu að meginreglum og reglum sem gilda í réttarkerfi þess sé fylgt.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. ágúst 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*Fyrir hönd forsetans,*

Phil HOGAN

*framkvæmdastjóri.*

---